

2. gr.

Læknishéruðin starfrækja í félagi sjúkrahúsið á Egilsstöðum, og annast læknar beggja héraðanna læknisstörfin, enda hafa báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklinga sína.

Sá læknirinn, sem á hverjum tíma hefur verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skal vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um

3. gr.

Síðasti málsliður 7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Núverandi héraðslæknir Egilsstaðahéraðs skal eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknisbústaðnum.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „í fyrsta sinn 1922“ í 8. gr. laganna komi: í fyrsta sinn 1954, og skila honum til gjaldkera hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.